

# Á að leyfa sölu áfengis í matvöruverslunum?

## Hvað segir Barnasáttmálinn?

Erindi á Náum áttum fundi  
Þóra Jónsdóttir - lögfræðingur

# Frumvarp um breytingu á lögum um verslun með áfengi o.fl.

- Lagt er til að einkaleyfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins (ÁTVR) á smásölu áfengis verði aflagt og smásala áfengis verði að ákveðnu marki frjáls.
- Leyfisskylt - Eftirlitsskylt
- Refsiheimild ef reglur um sölu áfengis eru brotnar
- Er hægt að hafa nægt eftirlit með því að farið sé eftir aldurstakmörkunum í matvöruverslunum? – Óskýrt hvernig hafa á eftirlit með framfylgd aldurstakmarksins í frumv. – Ráðherra setji reglugerð.
- Í frumvarpinu segir: Einkaaðilum er treyst til að framfylgja reglum um lágmarksaldur til að kaupa tóbak. Eru það næg rök til að réttlæta að þeim verði falin áfengissala og er hægt að treysta því að börn og ungmenni verði ekki afgreidd um áfengi í matvöruverslunum?
- Og: „Þó svo að hægt sé að misnota áfengi þá virðast eiginleikar þess nokkuð léttvægir í samanburði við eiginleika tóbaks og hvað þá eiturefna, skotvopna og skotfæra“. Er þetta eðlilegur samanburður?

# Barnasáttmáli Sameinðu þjóðanna

## Lög nr. 19/2013

- Barnasáttmálinn viðurkennir að börn eru viðkvæmur hópur sem þarfnast sérstakrar verndar.
- Hann er heildstætt plagg sem lesið skal í samhengi.
- Fjórar grunnstoðir samningsins – bann við mismunun, það sem barni er fyrir bestu, réttur til lífs og þroska og réttur til þátttöku.

# Barnasáttmáli Sameinðu þjóðanna

## Lög nr. 19/2013

### Það sem barni er fyrir bestu

- 1. mgr. 3. gr.:
- **Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang** þegar félagsmálastofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðila, dómstólar, **stjórnvöld eða löggjafarstofnanir gera ráðstafanir sem varða börn.**
- Hvað merkir þetta?
- Raunverulegt hagsmunamat þarf að fara fram: Er það börnum fyrir bestu að leyfa áfengissölu í matvöruverslunum?
- Vega þarf saman hagsmuni almennings af því að geta farið daglega út í búð í nágrenninu til að kaupa sér vín með matnum – gagnvart hagmunum barna af því að vera vernduð fyrir því að leiðast út í neyslu vegna opnara og auðfengnara aðgengis að áfengi sem og hagsmunum barna af aukinni áfengisneyslu foreldra/forsjáraðila.
- Hvort er öruggara fyrir barnið að ríkisrekið fyrirtæki hafi áfram einkaleyfi á áfengissölu, þar sem er mikið og virkt eftirlit með aldurstakmörkum, eða að hvaða matvöruverslun sem er verði gert kleift að sækja um að annast sölu áfengis? Eftirlit og framfylgd laga í höndum hverra?

# Barnasáttmáli Sameinðu þjóðanna

## Lög nr. 19/2013

### Það sem barni er fyrir bestu

- 2. mgr. 3. gr.:
- Með hliðsjón af réttindum og skyldum foreldra eða lögráðamanna, eða annarra sem bera ábyrgð að lögum á börnum, **skuldbinda aðildarríki sig til að tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst**, og skulu þau í því skyni gera **allar nauðsynlegar ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu**.
- Ísland (eitt þriggja landa í heiminum öllum) hefur lögfest Barnasáttmálann – Má ekki ætla að það vilji þá taka skuldbindingar sínar af fullri alvöru og vera fremst í flokki hvað varðar vernd barna og umönnun?

# Barnasáttmáli Sameinðu þjóðanna

## Lög nr. 19/2013

### Fyrirvari

- 4. gr.:
- Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnarsýslu, svo og á öðrum vettvangi, til að réttindi þau, sem viðurkennd eru í samningi þessum, komi til framkvæmda. **Hvað efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi snertir skulu aðildarríki gera slíkar ráðstafanir að því marki sem þau framast hafa bolmagn til**, og með alþjóðlegri samvinnu þar sem þörf krefur.
- Grunnréttindin sem um ræðir er rétturinn til lífs og þroska – önnur réttindi eiga að styðja við að sá réttur verði raungerður. Ákveðin þversögn til staðar: Réttur til lífs og þroska: borgaraleg réttindi sem enginn fyrirvari er gerður við – svo hann megi raungerast vakna til lífsins efnahagsleg og félagsleg réttindi sem sá fyrirvari er gerður við að ríki þurfi að tryggja eins og þau framast hafa bolmagn til.

# Barnasáttmáli Sameinðu þjóðanna

## Lög nr. 19/2013

### Réttur til lífs og þroska

- 6. gr.:
- 1. Aðildarríki viðurkenna að sérhvert barn hefur meðfæddan rétt til lífs.
- 2. Aðildarríki skulu eftir **fremsta megni** tryggja að **börn megi lifa og þroskast**.
- Rúm túlkun – enska orðalagið: state parties shall ensure to the maximum extent possible the survival and development of the child.
- Mjög yfirgripsmikil og víðfeðm réttindi – öll efnisákvæði barnasáttmálans eiga að stuðla að auknum lífsgæðum og þroska – Barnasáttmálinn í innra samræmi.

# Barnasáttmáli Sameinðu þjóðanna

## Lög nr. 19/2013

### Þátttaka barna

- 12. gr.:
- 1. Aðildarríki skulu tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að **láta þær frjálsglega í ljós í öllum málum sem það varða**, og skal tekið **réttmætt tillit** til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.
- 2. Vegna þessa skal barni einkum veitt tækifæri til að tjá sig við **hverja þá málsmeðferð** fyrir dómi **eða stjórnvaldi sem barnið varðar**, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu talsmanns eða viðeigandi stofnunar, á þann hátt sem samræmist reglum í lögum um málsmeðferð.
  - Mikilvægt að börn fái tækifæri til að tjá viðhorf sín um frumvarpið og taka á alvarlega skoðanir þeirra við mótun stefnu og lagasetningu.



# Barnasáttmáli Sameinðu þjóðanna

## Lög nr. 19/2013

### Upplýsingaréttur

- 17. gr.:
- Aðildarríki viðurkenna mikilvægi fjölmiðla, og skulu þau **sjá um að barn eigi aðgang að upplýsingum** og efni af ýmsum uppruna frá eigin landi og erlendis frá, **einkum því sem ætlað er að stuðla að félagslegri, andlegri og siðferðislegri velferð þess, og líkamlegu og geðrænu heilbrigði.** Aðildarríki skulu í þessu skyni:
  - a. **Hvetja fjölmiðla til að dreifa upplýsingum og efni sem börn njóta góðs af félagslega og menningarlega og samræmist anda 29. gr. (sem varðar réttinn til menntunar)**
  - ...
  - e. **Stuðla að því að mótaðar verði viðeigandi leiðbeiningarreglur um vernd barns fyrir upplýsingum og efni sem skaðað getur velferð þess...**
- Í almennum athugasemdum barnaréttarnefndarinnar sem varðar heilsu ungmenna og þroska segir að mikilvægt sé að börn og ungmenni fái aðgengi að upplýsingum um skaðsemi áfengis og tóbaks og annarra skaðlegra efna. Jafnframt segir þar að ríki séu hvött til að setja reglur um eða banna markaðssetningu áfengis. Lagafrumvarpið sem við ræðum gerir ráð fyrir auknum framlögum til Lýðheilsusjóðs til forvarna. Mikilvægt að viðhalda banni við áfengisauglýsingum.

# Barnasáttmáli Sameinðu þjóðanna

## Lög nr. 19/2013

### Réttur til besta mögulega heilsufars

- 1. mgr. 24. gr.:
- Aðildarríki viðurkenna rétt barns til að njóta besta heilsufars sem hægt er að tryggja...
- Muna tengingu við 6. gr. – ... Eftir fremsta megni tryggja að börn megi lifa og þroskast
- Setja í samhengi hvort við annað:
- => Aðildarríki viðurkenna rétt barns til að njóta besta heilsufars sem hægt er að tryggja... Svo þau megi lifa og þroskast á **besta mögulega** veg
- Ætti ríki þá ekki að gera allt sem það mögulega getur gert til að tryggja að ekki steðji hætta að börnum að verða fyrir óæskilegum áhrifum af áfengisnotkun – þar með talið að halda aðgengi að áfengi í lágmarki?

# Barnasáttmáli Sameinðu þjóðanna

## Lög nr. 19/2013

### Vernd gegn ólöglegri notkun ávana- og fíkniefna

- 33. gr.:
- Aðildarríki skulu gera **allar viðeigandi ráðstafanir**, þar á meðal á sviði **löggjafar, stjórnslu, félagsmála og menntamála, til verndar börnum gegn ólöglegri notkun ávana- og fíkniefna og skynvilluefna ...**
- Í þessari grein er áhersla lögð á vernd og forvarnir – þarf að lesast í samhengi við aðrar greinar sáttmálans. Þurfum að spyrja okkur að því hvort það sé rétt að hverfa frá einkaleyfisfyrirkomulaginu og leyfa áfengissölu í matvöruverslunum.

# Samantekt

- Barnasáttmálinn/Barnaréttarnefndin kveður ekki á um, með beinum hætti, HVAR sé í lagi að selja áfengi. Svigrúm ríkis til að ákveða framkvæmdina. Hann leggur hins vegar mikla áherslu á að ríki forði börnum frá neyslu áfengis, m.a. með því að banna sölu áfengis til barna og með því að leggja ríka áherslu á forvarnir og setji reglur um áfengisauglýsingar, banni þær helst.
- Það frumvarp sem liggur fyrir Alþingi nú, hreyfir ekki við reglum um aldurstakmörk – það gerir ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð um takmarkanir á opnunartíma og framkvæmd eftirlits.
- Ef frumvarpið verður að lögum: Mikilvægt að halda uppi öflugum forvörnum og fylgjast vel með þróun – með rannsóknum og skráningu og geymslu upplýsinga.
- Eftir stendur spurningin sem verður að svara og leita svara við áður en atkvæðagreiðsla fer fram á Alþingi: Er það börnum fyrir bestu að afnema einkaleyfi ÁTVR á áfengissölu EÐA er það afturför í vernd barna gegn óæskilegum áhrifum áfengis? Aukið aðgengi að áfengi leiðir til aukinnar neyslu áfengis eins og rannsóknir hafa leitt í ljós.
- Hafa þarf í huga hagsmuni barna af því að vera vernduð fyrir snemmbærri neyslu áfengis og hagsmuni barna af því að búa í öruggu og barnvænu umhverfi sem aukin áfengisneysla foreldra og forsjáraðila getur raskað.

Takk fyrir